

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Íþróttastarfið
- Skógarkerfill

Næsti Pési kemur út .14.ágúst 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 11.ágúst

**ENGINN PÉSI Í JÚL!!!**

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Brokk og skokk	5
Grænna land	8
Smárafréttir	10
Íþróttastarf	12
Tækjasalur	15



# Pési



Júní 2014

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 283 tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



**B Ó K A S A F N**



## Frá Bókasafni Hrunamanna

**Opið:**

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**



Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>




## Sveitarstjórapistill

Júni mánuður er runninn upp og nú má með sanni segja að sumarið sé komið. Það má nánast segja að sumarið hafi komið áður en vorið kláraðist þetta árið. Vonandi er þetta ávísun á gott sumar en víst er að bændur og búalið myndi alveg þiggja gott ræktunarár. Sérstaklega held ég að garðyrkjubændur í útiræktinni eigi inni að fá vor og sumar án mikillar fyrirhafnar hvað varðar veðurguðina.

Annar sumarboði er að Flúðaskóla hefur verið slitið og nemendum sleppt inn í sumarið. Það er gæfa okkar að eldri börnin eru virk í atvinnuþátttöku, bæði almennt séð og í vinnuskóla sveitarfélagsins. Það ekki síður skóli að unglingarnir læri að vinna og standa við þær skuldbindingar sem vinnan felur í sér. Síðan er lífleg starfssemi í kring um Ungmennafélagið og önnur félagasamtök á sumrin þannig að vonandi finna börnin okkar sér ýmislegt til dundurs. Í sambandi við skólastarfið og mikilvægi þess að það sé frjótt og skapandi er gaman að geta þess að Laufey Helga í Langholtskoti vann nýsköpunarkeppni grunnskólanna um daginn og vil ég óska henni til hamingju með árangurinn. Verðlaunahugmyndin um sóp með segli á vonandi eftir að kæta ýmsan járningarmanninn.

Sveitarstjórnarkosningar eru afstaðnar og ekki verður sagt að miklar breytingar séu í Árnæssýslu. Mér sýnist að meira og minna séu þetta sömu aðilar sem stjórna sveitarfélögunum þannig að það virðist ekki þurfa mikla aðlögdun í þetta skiptið. Nýkjörin sveitarstjórn Hrunamannahrepps er öll skipuð hörku fólki sem ég veit að verður ekki vandamál að starfa með. Það stefnir allt í það að ég haldi áfram sem sveitarstjóri þannig að ekki verða breytingarnar nú miklar á þessum bænum. Athyglisvert er síðan að skoða niðurstöður þeirra sveitarfélaga í Árnæssýslu sem framkvæmdu skoðanakönnunum um sameiningarkosti. Af einhverjum ástæðum var Hrunamannahreppur eina sveitarfélagið sem heldur fleiri voru á móti því að skoða sameiningu og er það athyglisvert. Nú virðist vera að hefjast mikið ferðamannasumar og ef Hvítasunnuhelgin gefur einhverjar vísbendingar verður ekki kvartað yfir skorti á fólki á svæðinu. Hátíðir sumarsins verða með svipuðum hætti, Bylgjulestin kemur 12. júlí, verslunarmannahelgin væntanlega á sínum stað og uppskeruhátíðin þann 6. september. Hvet ég fólk og fyrirtæki í sveitarfélaginu að nýta sér þetta sem tækifæri til að selja þjónustu og ekki væri verra að skapa ný fyrirtæki í þessum geira. Þá er ég einnig sannfærður að Gamla laugin sem opnaði formlega á föstudaginn var verður mikið aðdattunarafli fyrir ferðamenn og kæmi á óvart ef það yrði ekki sumarsmellur



Suðurlands þetta árið. Bjössu í Hvammi á heiður skilinn fyrir að ganga í þetta verk og er allt svæðið til fyrirmyndar.

Það er einnig jákvætt að það eru að renna fjármunir úr opinberum sjóðum til ferðamannastaða í Hrunamannahreppi. Verkefnið Gullfoss austan við Hvítá fær styrk og einnig renna verulegar fjárhæðir til uppbyggingar í Kerlingarfjöllum. Að mínu mati er Kerlingarfjallasvæðið mest spennandi kostur í uppbyggingu ferðamannastaða í sveitarfélaginu og verður gaman að sjá hvað gerist þegar Kjalvegur kemst í gott horf því það er mín spá að þetta verði næstu „Landmannalaugar“ Íslands.

Nú er búið að bjóða út uppsteypu annars vegar og hins vegar reisingu á stækkun íþróttahússins á Flúðum. Það voru vonbrigði hvað fáir tóku þátt í útboðunum en þeir sem buðu eru taustir aðilar. Lægstbjóðandi í uppsteypu var Pálmatré ehf og í reisingu voru lægstir Jáverk ehf. Framkvæmdir hefjast fljótlega þannig að fyrir jól ætti húsið að verða orðið a.m.k. fohelt. Nú er búið að setja upp ný upplýsingaskilti á gámasvæðinu sem vonandi auka sýnileika flokkunar og upplýsa notendur um möguleika þessa að flokka sorp. Hvet ég alla til að flokka sem mest en vísbandingar eru um að t.d. blátunnuverkefnið okkar sé að skila góðum árangri.

Nú eru annað árið í röð að heimsækja okkur sjálfboðasamtökin Verldarvinir og þetta árið eru þeir í hálfan mánuð. Vonandi verður þetta til þess að þeir geti kynnst landinu og okkur á jákvæðan hátt og við á móti notið þess að koma ýmsum brýnum umhverfisverkefnum í sveitarfélaginu í góðan farveg. Annað alþjóðlegt verkefni sem er skemmtilegt að taka þátt í er evrópsk kvikmyndahátíð sem var með sýningar í „Flúðabíó“ á þriðjudaginn. Vonandi er þetta ávísun á að reyna að endurvekja Flúðabíó sem þema í framtíðinni með einhverjum hætti.

Að lokum við ég hvetja fólk til að taka þátt í 17 júnihátíðarhöldunum á Flúðum. Nú stendur til að nota „Bæjargarðinn“ á Flúðum að hluta til undir atburði hátíðarinnar ef veður leyfir. Sá garður eða garðar réttara sagt er að verða öllum til sóma og fer að líða að því að skógarskýli verði sett við brún Ungmennafélagsgarðsins. Skógræktarfélag Hrunamanna gaf efni í skýlið og kann ég félaginu bestu þakkir fyrir það og allan stuðninginn við verkefnið. Hvet alla til að nýta sér garðana sér til yndisauka.

Þésinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður víst enginn júlípistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið þess vel og lengi.

Jón G Valgeirsson sveitarstjóri



Kæru sveitungar.

Við viljum þakka fyrir það traust sem okkur var sýnt í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Við munum nýta þann meðbyr sem okkur var veittur og halda áfram að starfa í þágu sveitarfélagsins í góðri samvinnu við alla hlutaðeigandi aðila. Við viljum einnig þakka Á-Listanum fyrir dregilega kosningabaráttu.

Með sumarkveðju, frambjóðendur H-listans.

**ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM**  
**SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866**  
OPIÐ VIRKA DAGA 9-18  
LAUGARDAGA 11-14

### Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 27. júní 2014**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímapantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

# Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opnið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

**fontana**

Hölsuind frá landnámi

## BROKK OG SKOKK 2014

Í Skaftholtsréttum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**Sunnudaginn, 22.júní kl. 14**

Allir með – mamma, pabbi, amma, afi og litli bró og sys!

Brokk og Skokk er liðakeppni tveggja knapa og eins hests. Markmiðið er að komast í mark á sem skemmstum tíma. Knaparnir verða að skiptast á að hlaupa og vera á hestbaki. Keppt er í tveimur vegalengdum. Annarsvegar fjölskylduhringur, u.þ.b. 2,8 km. Þar er leyfilegt að teyma undir ungum börnum (8 ára og yngri) allan hringinn. Hinsvegar er farinn íþróttarhringur, u.þ.b. 6 km. Þar er skylt að skipta a.m.k. fjórum sinnum um knapa á leiðinni. Þessi keppni var haldin í fyrsta skiptið í fyrra og algjörlega sló í gegn! Ekki missa af þessum stórskemmtilega viðburði fyrir alla fjölskylduna!

Keppnin er opin öllum! Ekkert skráningargjald!

Skráning og fleiri upplýsingar og myndir og myndband á Facebooksíðu “Brokk og Skokk”

**Skráningarfrestur: 19.júní 23:59**

<https://www.facebook.com/groups/567062360068945/?fref=ts>

Bragginn - leir og kaffi, í Birtingaholti, hefur nú opnað aftur eftir vetrarfrí.  
Í sumar verður opið alla daga frá 12-18, nema á fimmtudögum þá höfum við opið frá 12-22. Um helgar bjóðum við upp á Dögurð (Brunch) frá 12-14. Öll dagskrá og uppákomur verða auglýst í gegnum facebook síðuna okkar, [facebook.com/bragginn](https://www.facebook.com/bragginn), við hvetjum ykkur til að fylgjast með. Sjáumst hress í sumar.



# Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Sumaropnun

Mánudaga til föstudaga 09:00-22:00

**Laugardaga** 10:00-22:00

**Sunnudaga** 10:00-22:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax

á Flúðum.

Sími 486 6633

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is) <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr. Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími hreppsskrifstofu.*

*Mánudaga til fimmtudaga:*

*09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:30*

***Skrifstofan verður lokuð vegna sumarleyfa frá 7. júlí***

***Opnum aftur 28. júlí:)***


**Upplit**

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –  
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599

## Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi  
Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í  
samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru  
skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að  
geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur  
sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is).  
Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 30. júní

Skógarkerfill, ágeng tegund í Hrunamannahreppi

### Upprætið hann strax – annars er það um seinan

*“Skógarkerfill breiðist út í Hrunmannahreppi*

Skógarkerfill er nú farinn að breiðast í nokkrum mæli út í hreppnum. Hann hefur m.a. fundist við Galtafell, á Flúðum, við Bryðjuholt, Kópsvatn og sunnan við Kotlaugar. Ef hann á ekki að festa sig í sessi til frambúðar þarf að bregðast strax við og uppræta hann hvar sem hann finnst. Verði honum leyft að koma sér fyrir verður uppræting illmöguleg og afar kostnaðarsöm. Nú þurfa Hrunamenn því að taka höndum saman til að hindra landnám kerfilsins”.

*“Hvernig er hægt uppræta skógarkerfil og koma í veg fyrir frekari útbreiðslu hans?*

Allra mikilvægast er að hindra fræmyndun. Best er að gera það þegar kerfillinn er í mestum blóma en þá er hann áberandi og auðvelt að finna hann. Hann er þá líklega einna viðkvæmastur gagnvart þeim aðgerðum sem beita þarf. Á nýjum vaxtarstöðum eða þar sem lítið er af kerfli má slíta upp blómstrandi plöntur, slá þær eða klippa. Þá má einnig nota plöntueitur, t.d. roundup, sem drepur kerfilinn nokkuð örugglega. Roundup drepur þó ekki aðeins kerfilinn heldur einnig aðrar plöntur. Sé plöntueitur notað ber að fara að með gát, einkum í grennd við ár og lækir”.

(útdráttur úr grein Sigurðar H Magnússonar gróðurvistfræðings í Pésanum í júní 2013)



## Þjóðhátíðardagurinn 17. júní 2014

Þann 17. júní n.k. eru 70 ár liðin frá stofnun lýðveldisins. Í ár hefjast hátíðarhöldin **kl. 13.00** og ef veður leyfir er gert ráð fyrir að dagskráin fari fram í skrúðgarðinum á Flúðum

og í nágrenni hans.

Nánari dagskrá verður send út á næstu dögum.

Nefndin.



Kvennareiðtúr!! Farið verður í hin árlega kvennareiðtúr föstudaginn 20.júní. Lagt verður af stað frá reiðhöllinni á Flúðum kl:17:30 riðin verður léttur og skemmtilegur hringur og endað í reiðhöllinni þar sem boðið verður upp á kræsingar á hóflegu verði 1500-2000 kr eftir þátttöku. Gott væri að vita hve margar ætla að mæta og því mikilvægt að skrá sig hjá nefndardömunum í síðastalagi 18.júní. Bestu kveðjur og vonumst til að sjá sem flestar. Steinunn 865-7916

[steinunn1@gmail.com](mailto:steinunn1@gmail.com) og Hildur 866-1889

[hildurhj@simnet.is](mailto:hildurhj@simnet.is)



## Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



*Erla Björg Arnardóttir*

*Garðyrkjufræðingur*

*Sími: 858-3399*

*graennaland@simnet.is*

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er **480 5112**





# Bændamarkaðurinn Efra-Seli.



Markaðurinn er opinn alla daga frá  
kl. 11.00 til 18.00.

Kaffi-Sel, golfskálanum er opið alla daga  
frá kl. 8.00 til 20.30.

**Nýr matseðill með spennandi heilsuréttum!**

Síminn er 486-6454 / [www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is) / Facebook – Kaffi-Sel

## Sundlaugin á Flúðum. Sumaropnun

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Frá 28.júní til 4 ágúst er opið:

Mánudaga til föstudaga 10:00-21:00

Sunnudaga og laugardaga: 10:00-18:00



**EIMSKIP**

**Flúðaleið ehf**

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**

### Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



# Smárafréttir

JÚNÍ 2014



LANDSMÓT HELLU  
2014

Landsmót hestamanna verður haldið á Hellu dagana 30 júní til 6 júlí. Hestamannafélagið Smári hefur rétt á að senda 3 fulltrúa í hvern flokk og óskum við öllum þáttakendum Smára góðs gengis á landsmótinu. Einnig vonumst við til að sjá sem flesta Smárafélaga fjölmenna á

landsmót, styðja félagana, sjá góða hesta og hafa gaman !!

## WORLDFENGUR FYRIR SKULDLAUSA FÉLAGA

Rétt er að minna á að þeir sem hafa greitt félagsgjald til Smára gefst kostur á að fá frían aðgang að worldfeng.

Þeir sem hafa áhuga á því geta sent tölvupóst með nafni, kennitölu og því netfangi sem tengja skal aðgang á [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is)



**Gæðingamót Smára verður haldið á Flúðum 19 júlí næstkomandi. Takið daginn frá og fylgist með nánari upplýsingum á facebook og á [www.smari.is](http://www.smari.is)**

## PÓSTLISTI !!

Þeir sem hafa áhuga á að fylgjast með starfi félagsins og fá áminningar og tilkynningar um það sem framundan er er bent á að senda tölvupóst á [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is) og skrá sig á póstlista.

Einnig ef þið lumið á fréttum eða tilkynningum væri gaman að birta þær á facebook síðu félagsins og heimasíðunni þannig ekki hika við að senda okkur línu á [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is)

Ábendingar um heimasíður félagsmanna eru einnig vel þagnar.



# HÆ KRAKKAR!



Eru ekki allir kátir með sumarfríð ☺

Nú á dögum fara fram sumarnámskeiðin okkar á þremur stöðum á svæðinu og eru þau öll fullbókuð!

Viljum við nota tækifærið og þakka þessum aðilum kærlega fyrir frábæran stuðning í nýliðunarstarfi Smára:



**Reiðskólinn í Geldingaholti  
Land & Hestar á Húsatóftum  
Hestaleigan í Syðra-Langholti**



Svo fer að styttest í stórskemmtilegan viðburð fyrir alla fjölskylduna og það er

## BROKK OG SKOKK


**22.júni kl. 14 í Skaftholtsréttum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi**

Skráning og fleiri upplýsingar eins og myndir, myndband og reglur á Facebooksíðu Brokk og Skokk! Endilega kynnið ykkur þessa skemmtilegu keppni þar sem allir geta tekið þátt!

Þið eruð frábær, krakkar!



**Bestu kveðjur, Æskulýðsnefndin**



# Íþróttastarf sumar 2014

## Knattspyrnuæfingar

### **Krakkar fæddir 2007-2005**

*Mánudagar, þriðjudagar og fimmtudagar 14.00-15.15*

### **Krakkar fæddir 2004-2002**

*Mánudagar, þriðjudagar og fimmtudagar 15.30-17.00*

### **Krakkar fæddir 2001-1998**

*Mánudagar, þriðjudagar og fimmtudagar 17.00-18.30*

*Knattspyrnuæfingar kosta 10.000 krónur á mann, 25% systkinaafsláttur fyrir 2. barn, 50% fyrir 3. barn. Greiða skal fyrir æfingar á fyrstu æfingu.*

*Athugið að frí verður á knattspyrnuæfingum seinni part júlí.*

## Golfæfingar– á Selsvelli fyrir börn og unglina.

**Krakkar sem eru félagar í GF (allir 14 ára og yngri geta gerst félagar fyrir 6000 krónur)**

*Þriðjudagar og fimmtudagar 9:30-11.30.*

**Íþróttaskóli** – stefnt er að íþróttanámskeiði á miðju sumri fyrir yngri kynslóðina – nánar auglýst síðar.

**Sundnámskeið** – sundnámskeið verður á sínum stað í ágúst fyrir þau sem eru að fara í yngstu bekki grunnskólans.

Nánari upplýsingar gefur Árni Þór Hilmarsson í síma 849-3870 og/ arni@fludaskoli.is



Grímsævintýri verða laugardaginn 9. ágúst n.k. á  
Borg í Grímsnesi  
Handverksfólk – framleiðendur –  
þjónustuaðilar

Í boði er aðstaða til að selja og kynna varning  
og starfsemi eins og undanfarin ár.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í markaðsdeginum og vera með  
sölu- eða kynningarbás er bent á að hafa samband fyrir 31. júlí n.k.

Nánari upplýsingar og skráningu annast:  
Sigríður Jónsdóttir, í síma 898-4428, netfang  
[grimsaevintyri@gmail.com](mailto:grimsaevintyri@gmail.com)



### Leikskólakennari og stuðningsfulltrúi.

**Leikskóladeild Bláskógaskóla á Laugarvatni**  
auglýsir eftir leikskólakennara frá 13. ágúst 2014.  
Ef ekki fæst leikskólakennari í starfið verður ráðinn leiðbeinandi.  
Á leikskóladeildinni eru um 20 börn.

**Bláskógaskóli Reykholti** auglýsir eftir stuðningsfulltrúa  
skólaárið 2014-2015.

Stuðningur við nemendur inni í bekk og gæsla í frímínútum,  
um 60-70 % starf.

Í skólanum eru um 150 nemendur þar af um 90 í Reykholti.

Bæði störfín henta jafnt konum sem körlum.

Bláskógaskóli er í Bláskógabyggð með tvær starfsstöðvar,  
á Laugarvatni og í Reykholti.

Nánari upplýsingar veitir Hrund Harðardóttir skólastjóri

[hrund@blaskogaskoli.is](mailto:hrund@blaskogaskoli.is) s 4803020/8616609

Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 19. júní

# Í heyskapinn

Eins og undanfarin ár þá bjóðum við hágæða rúlluplast/stórbaggaplast, net og garn frá þýska fyrirtækinu Zill einnig erum við með stæðuplast, undirplast, stæðunet og ýmislegt fleira fyrir heystæðurnar frá sama fyrirtæki.



## Agrifol

rúlluplast - ljósgrænt  
0,75x1500 - 0,50x1800  
Eftir á líming fyrir þá sem vilja hljóðlata þökkun

## Polystretch

rúlluplast - dökkgrænt  
0,75x1500  
Limist strax

**Vacuum-plast**  
Þunnt undirplast  
40mpu - Glært

**Zilltex300**  
Stæðunet

**Stæðuplast**  
Svart/hvitt - 150mp

**Stæðusekkir**  
27\*120 cm



## Polywrap

rúllunet - 1,23x3000  
Gott rúllunet sem virkar í allar rúlluvélur.

## Límband

Sterkt límband til viðgerðar á rúlluböggum og stórböggum



## Rúllugarn - Stórbaggagarn



## Josilac Classic íblöndunarefni í stæðurnar - rúllubaggana og stórbaggana

Josilac Classic er lífrænt íblöndunarefni sem bætir verkun í heystæðum, rúlluböggum og stórböggum

Josilac Classic íblöndunarefni eykur stöðugleika í ýmsum mjólkursýrugerlum og öðrum ensímum.

Josilac Classic íblöndunarefnið hentar fyrir allar gerðir af grasplöntum, grænfóðri og belgjurtum.

Josilac Classic er blandað með vatni frá 10 - 50 lítrum í hverja 150 gr. þakningu

Bestur árangur næst með 20 - 40% þurrrefnismagn í heyi.



## Úðunardæla fyrir íblöndunarefni

Josilac Úðadælna er hægt að nota á sjálfhæðsluvagninn, rúlluvélina og stórbaggavélina.

Tilboðsverð á/vsk

**Kr. 49.500**

## Girðingar



### Staurar - gagnvarðir

50/1500 - 70/1800 -  
120/2500



Gaddavir Iowa 2,5 mm  
Gaddavir Motto 1,7 mm

### Túngirðingarnet

5 strengja  
6 strengja  
7 strengja

## Spennugjafar fyrir rafgirðingar margar gerðir.



### Spennumælur



### Randbeltarkefli



## Einangrarar



### Randbeltarvör / borð og kapall



**LANDSTÓLPI** Eglisstöðum - 471 1901

**LANDSTÓLPI** 480 5600  
landstolpi.is

## Opnunartími í tækjasal í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga lokað.

Í júní er opið: þriðjudaga og fimmtudaga kl: 17:00-20:00

Í júlí: 1. og 3.júlí kl: 17:00-20:00

Í ágúst: Opnunartími frá 5.ágúst til 15.ágúst:

Tækjasalur opinn þriðjudaga og fimmtudaga

Kl: 17:00-20:00

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



**Vöndull**

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Sími 856 1580

[vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

Ferðir alla virka daga milli  
Reykjavíkur, Hveragerðis,  
Þorlákshafnar, Eyrarbakka,  
Stokkseyrar, Selfoss,  
Hellu, Hvolsvallar og

**DREIFBÝLIS Í ÁRNESÝSLU**



**Nesfrakt**

Héðinsgötu 1-3 - Rvk.

Sími 533 2211

Fráfarandi sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra!



Heimsókn til HS Orku!